

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi 132/1575
Erindi nr. P 10.4.2006
komudagur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

10. apríl 2006
Tilvísun: 2006030077

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 623. mál


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 27. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt, 623. mál, samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir. Með frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Annars vegar er lagt til að samlagshlutafélög teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og hins vegar að kveðið verði skýrar á um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir skattskyldu.

Í ljósi ummæla í athugasemdum við lagafrumvarp það sem hér er til umsagnar vill Fjármálaeftirlitið benda á að samkvæmt 20. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skulu lífeyrissjóðir ávaxta iðgjöld og annað ráðstöfunarfé sitt sameiginlega með innlánunum í bönkum og sparissjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirframgerðri fjárfestingastefnu en sú stefna skal mörkuð í samræmi við 36. gr. sömu laga.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Björg Fengel